



Fjölís

**SKÝRSLA STJÓRNAR 2017 -2018**

## YFIRLIT YFIR STARF STJÓRNAR APRÍL 2017-MAÍ 2018

Á aðalfundi Fjölís þann 26. apríl 2017 var ný stjórn skipuð yfir félagið.

### Aðalstjórn er þannig skipuð:

Halldór Þ. Birgisson, formaður f.h. FÍBÚT  
Ragnar Th. Sigurðsson, varaformaður f.h. Myndstefs  
Jón Yngvi Jóhannsson, f.h. Hagþenkis  
Sindri Freysson, f.h. RSÍ  
Kjartan Ólafsson, f.h. STEF  
Hjálmar Jónsson, f.h. Blaðamannafélags Íslands  
Gylfi Garðarsson, f.h. Sítons

### Varamenn eru:

Egill Örn Jóhannsson, f.h. FÍBÚT  
Knútur Bruun, f.h. Myndstefs  
Friðbjörg Ingimarsdóttir, f.h. Hagþenkis  
Kristín Helga Gunnarsdóttir, f.h. RSÍ  
Guðrún Björk Bjarnadóttir f.h. STEFs  
Arndís Þorgeirsdóttir, f.h. Blaðamannafélags Íslands  
Björgvin Þ. Valdimarsson, f.h. Sítons

Verkefni starfsársins fólust í áframhaldandi samningagerð við sveitarfélögin, eftir undirritun rammisamnings við Samband íslenskra sveitarfélaga. Innheimta hófst í upphafi árs og í árslok 2017 hafði verið samið við langflest sveitarfélaganna. Á starfsárinu hefur viðræðum við landssambönd kóra verið framhaldið. Í janúar og mars 2018 lá fyrir samkomulag um samninga við Landssamband blandaðra kóra og Gígjuna, landssamband kvennakóra. Samningarnir verða lagðir fyrir aðalfundi sambandanna á haustmánuðum. Samböndin hyggjast taka yfir samningagerð við einstaka kóra, semja beint við Fjölís og innheimta sjálf gjöld fyrir afritun höfundaréttarvarins efnis gegn sanngjörnum afslætti.

Starfshlutfall framkvæmdastjóra var á árinu lækkað í 30% vegna minnkaðs umfangs við samningagerð og innheimtu, þegar flestir samningar höfðu verið endurnýjaðir og þeim komið í farveg. Á sama tíma var frádráttur frá tekjum, til rekstrar félagsins lækkaður úr 18% í 12%. Ákvörðun hefur einnig verið tekin um að færa skrifstofur félagsins í minna og ódýrara húsnæði og minnka þannig umfang rekstrar enn frekar.

## 1 FUNDIR OG HELSTU VERKEFNI

Frá aðalfundi, 26. apríl 2017 hefur eingöngu verið haldinn einn hefðbundinn stjórnarfundur, í desember, þar sem farið var yfir úthlutun í árslok. Kemur það einnig til þar sem skrifstofa Fjölís var leigð Alþingi frá mars og fram í nóvember. Fundað hefur verið með öðrum höfundaréttarsamtökum, utanríkisráðuneytinu, Reykjavíkurborg, formanni Landssambands blandaðra kóra og formanni Gígjunnar, landssambandi kvennakóra. Ýmis mál voru á dagskrá þeirra funda, s.s. áhrif BREXIT á höfundaréttarmálefni og nýjar kröfur og breytingar á höfundaréttarlöggjöf sem koma til vegna nýrrar löggjafar í Evrópu. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fóru á fund skandinavískra systursamtaka í Osló í ágúst 2017 og á fund ALAI, í Kaupmannahöfn í maí 2017.

## 2 TEKJUR OG GJÖLD

### 2.1 TEKJUR

Tekjur vegna stóra skólasamningsins eru sem fyrr stærsti einstaki tekjuliður vegna samninga Fjölís. Tekjur ársins 2016 vegna einkaskóla, tónlistarskóla og háskólasamnings um stafræna eintakagerð hafa nú fallið inn í stóra skólasamninginn.

Tekjur ársins 2017 voru skv. hér segir;

	2017	2016
<i>Grunn-, framhalds- og -háskólar</i>	107.900.000	107.000.000
<i>Stjórnarráð Íslands og stofnanir þess</i>	9.400.000	9.400.000
<i>Sveitarfélög</i>	8.033.930	0
<i>Kirkjuráð</i>	851.136	1.663.178*
<i>Einkaskólar</i>	0	720.206
<i>Kórar</i>	1.402.817	1.282.768
<i>Háskólasamningur um stafræna eintakagerð</i>	0	9.001.290**
<i>Erlend fjölföldun</i>	1.152.234	2.115.047
<i>Samtals tekjur vegna samninga</i>	128.740.117	131.182.489

Afskriftir og leiðréttingar 0 -2.743.922

Vextir og gengismunur 789.183 747.812

Fjármagnstekjuskattur -157.137 -149.562

632.046 -2.145.672

**Samtals tekjur** 129.372.163 129.036.817

\* Kirkjuráð greiddi fyrir kröfur tveggja ára á árinu 2016.

\*\*Tekjur vegna háskólasamnings um stafræna eintakagerð og innheimtar voru á árinu 2016 voru vegna krafna fyrir notkun á síðari helmingi ársins 2015. Í raun teljast innheimtar tekjur vegna notkunar í háskólum því 150% í yfirliti ársins 2016.

## 2.2 GJÖLD

	2017	2016
<i>Laun og launatengd gjöld, þ.m.t. stjórnarlaun</i>	9.190.544	11.775.091
<i>Ífrro fundir, ferðakostnaður</i>	441.893	670.300
<i>Ífrro félagsgjöld</i>	956.480	364.375
<i>Norrænir fundir, ferðakostnaður</i>	784.932	435.902
<i>Rekstrarkostnaður skrifstofu/félagsins</i>	4.146.133	3.272.424
<i>Námskeið</i>	0	174.705
<i>Afskrifir og leiðréttingar</i>	0	2.743.922
<i>Samtals rekstrarkostnaður</i>	15.519.982	19.441.719

Heildarkostnaður nam á árinu 2017 12% af tekjum félagsins. Hluti af honum eru eins skiptis gerð kynningarmyndbands og þáttaka í ráðstefnu erlendis. Að þeim kostnaði frátöldum er hefðbundinn rekstrarkostnaður 10,14%. Hlutfallið var 14,8% árið 2016 og 17,8% árið 2015.

## 3 ÚTHLUTUN TIL AÐILDARFÉLAGA OG ERLENDRA RÉTTAFASAMTAKA

### 3.1 STÓRI SKÓLASAMNINGURINN

Greiðsla frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, vegna samnings um ljósritun í skólum nam 107.900.000 vegna skólaársins 2016-2017. Í apríl 2017 var úthlutað 80.535.479 kr. til innlendra réttahafa. Erlend úthlutun að fjárhæð 14.780.113 kr. fór fram í desember s.á. eða samtals 95.315.592 kr. Úthlutun var eftirfarandi skv. gagnkvæmnisamningum við erlend systursamtök og skv. samkomulagi aðildarfélaga þar um:

<i>Aðildarfélag:</i>	<i>Hlutdeild mismunandi effir skólastigum</i>	<i>kr.</i>
<i>Erlendir réttahafar</i>		14.780.113
<i>FÍBÚT</i>		17.813.013
<i>Blaðamannafélag Íslands</i>		2.670.906
<i>Hagþenkir</i>		27.322.608
<i>Myndstef</i>		17.641.232
<i>Rithöfundasamband Íslands</i>		8.053.548
<i>STEF</i>		6.401.725
<i>Sítón</i>		632.447
<i>Samtals</i>		95.315.592

### 3.2 STJÓRNARRÁÐ

Greiðslur vegna Stjórnarráðssamnings námu 9.400.000 kr. á árinu 2017. Í desember var úthlutað 7.391.663 kr. til innlendra réttihafa og 882.237 kr. til erlendra réttihafa, samtals 8.273.900. Skipting var eftirfarandi skv. gagnkvæmnisamningum við erlend systursamtök og skv. samkomulagi aðildarfélaganna þar um:

<b>Aðildarfélag:</b>	<b>% hlutdeild innanlands</b>	<b>kr.</b>
<b>Erlendir réttihafar</b>		882.237
<b>FÍBÚT</b>	29	2.143.031
<b>Blaðamannafélag Íslands</b>	18	1.330.157
<b>Hagþenkir</b>	39	2.882.008
<b>Myndstef</b>	11	812.874
<b>Rithöfundasamband Íslands</b>	2	149.062
<b>STEF</b>	1	30.850
<b>Samtals</b>	100	<b>8.273.900</b>

### 3.3 KIRKJURÁÐ

Greiðslur vegna samnings við Kirkjuráð námu 851.136 kr. á árinu 2017. Í desember var 673.812 kr. úthlutað innanlands skv. samkomulagi aðildarfélaganna þar um og 75.188 kr. skv. samningum við erlend systursamtök:

<b>Aðildarfélag:</b>	<b>% hlutdeild innanlands</b>	<b>kr.</b>
<b>Erlendir réttihafar</b>		75.188
<b>FÍBÚT</b>	9,35	63.001
<b>Blaðamannafélag Íslands</b>	1	6.738
<b>Hagþenkir</b>	1	6.738
<b>Myndstef</b>	2	13.476
<b>Rithöfundasamband Íslands</b>	13	87.596
<b>STEF</b>	67,4	454.149
<b>Sítón</b>	6,25	42.113
<b>Samtals</b>	100	<b>749.000</b>

### 3.4 KÓRAR

Greiðslur vegna samninga við kóra námu 1.217.727 kr. á árinu 2017. Í desember var úthlutað 1.071.601, þ.a. 771.553 kr. til innlendra réttihafa og 300.048 til erlendra réttihafa. Skipting var eftirfarandi skv. gagnkvæmnisamningum við erlend systursamtök og skv. samkomulagi aðildarfélaga þar um:

<b>Aðildarfélag:</b>	<b>% hlutdeild innanlands</b>	<b>kr.</b>
<b>Erlendir réttihafar</b>		300.048
<b>FÍBÚT</b>	9,35	72.140
<b>Blaðamannafélag Íslands</b>	1	7.716
<b>Hagbenkir</b>	1	7.716
<b>Myndstef</b>	1	7.716
<b>Rithöfundasamband Íslands</b>	22	169.741
<b>STEF</b>	59,4	458.302
<b>Sítón</b>	6,25	48.222
<b>Samtals</b>	100	<b>1.071.601</b>

### 3.5 STJÓRNSÝSLA SVEITARFÉLAGA

Rammasamningur um stjórnsýslu og rekstur sveitarfélaga var undirritaður í janúar 2017. Innheimtar voru á árinu 7.627.929 kr. Úthlutun, sem fram fór í desember 2017 og janúar 2018 nam 6.093.257, þ.a. 5.473.937 til innlendra réttihafa og 619.320 kr. til erlendra réttihafa.

<b>Aðildarfélag:</b>	<b>% hlutdeild innanlands</b>	<b>kr.</b>
<b>Erlendir réttihafar</b>		619.320
<b>FÍBÚT</b>	29	1.767.045
<b>Blaðamannafélag Íslands</b>	18	596.786
<b>Hagbenkir</b>	39	2.376.371
<b>Myndstef</b>	11	670.259
<b>Rithöfundasamband Íslands</b>	2	121.865
<b>STEF</b>	1	60.933
<b>Samtals</b>	100	<b>6.093.257</b>

### 3.6 ERLENDAR TEKJUR

Greiðslur til íslenskra réttihafa vegna gagnkvæmnisamninga við erlend systursamtök námu 1.155.701 kr. á árinu 2017. Úthlutun vegna þeirra nam 1.017.017 kr. og skiptist með eftirfarandi hætti skv. gildandi skiptingu um sambærilega samninga innanlands. Aðallega er um að ræða afritun í skólum.

<b>Aðildarfélag:</b>	<b>% hlutdeild innanlands</b>	<b>kr.</b>
<b>FÍBÚT</b>		233.914
<b>Blaðamannafélag Íslands</b>		35.596
<b>Hagþenkir</b>		371.211
<b>Myndstef</b>		238.999
<b>Rithöfundasamband Íslands</b>		101.702
<b>STEF</b>		30.511
<b>Sítón</b>		5.085
<b>Samtals</b>	100	<b>1.017.017</b>

### 3.7 HEILDARÚTHLUTUN 2017

Heildarúthlutun Fjölíss á innheimtum tekjum ársins 2017 nam 109.825.679 kr. eða 85,3% af innheimtum tekjum. Úthlutun innanlands nam 93.474.531 kr. eða 85,1% af heildarúthlutun. Hún skiptist með neðangreindum hætti á milli erlendra réttihafa og aðildarfélaga innanlands:

<b>Aðildarfélag:</b>	<b>2017</b>	<b>2016</b>
<b>VG WORT, DE</b>	548.366	550.420
<b>CopyDan, DA</b>	1.203.894	1.215.607
<b>Bonus Copyright Access, SE</b>	2.057.676	2.062.083
<b>Copyright Licensing Agency, UK</b>	6.035.069	5.926.732
<b>Copyright Clearance Center, USA</b>	6.028.356	5.865.190
<b>Kopinor</b>	477.787	0
<b>FÍBÚT</b>	21.219.751	22.555.592
<b>Blaðamannafélag Íslands</b>	4.606.414	4.455.457
<b>Hagþenkir</b>	31.793.434	33.664.135
<b>Myndstef</b>	19.053.648	20.222.653
<b>Rithöfundasamband Íslands</b>	8.623.349	10.017.105
<b>STEF</b>	7.450.068	7.587.922
<b>Sítón</b>	727.867	781.495
<b>Samtals</b>	<b>109.825.679</b>	<b>114.922.467</b>

Munur á milli árána 2016 og 2017 helgast af því að á árinu 2016 innheimtust kröfur sem í raun tilheyrðu tekjuárinu 2015. Þá var undirritaður nýr gagnkvæmnissamningur við Kopinor á árinu sem skýrir hækkun til erlendra réttihafa.

## 4 SAMNINGAMÁL

### 4.1 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Samningur sem tekur til alls menntastarfs í landinu var undirritaður 2016. Hann endurnýjast sjálfkrafa þar til honum verður sagt upp.

### 4.2 KÓRAR

Eftir viðræður sem staðið hafa síðan í janúar 2015 og könnun á afritun höfundaréttarvarins efnis í starfsemi kóra, liggur fyrir samkomulag við Landssamband blandaðra kóra og Gígjuna, landssamband blandaðra kóra um n.k. regnhlífasamning þar sem samböndin undirgangast skuldbindingar gagnvart Fjölís f.h. sinna aðildarkóra. Þau samningsdrög verða lögð fyrir aðalfundum samtakanna á haustmánuðum 2018. Landssamband karlakóra hefur enn sem komið er, ekki séð sér fært að eiga samtál um slíka samvinnu.

### 4.3 KIRKJURÁÐ

Samningur frá 2016 er í gildi. Hann endurnýjast sjálfkrafa þar til honum verður sagt upp.

### 4.4 SVEITARFÉLÖG

Langflest sveitarfélög hafa á starfsárinu undirritað nýjan samning um afritun höfundaréttarvarins efnis við Fjölís, þ.m.t. Reykjavíkurborg. Endurnýjast þeir samningar sjálfkrafa þar til þeim verður sagt upp.

## 5 ERLENT SAMSTARF

### 5.1 NORRÆNN STÓRFUNDUR Í OSLÓ

Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður sátu norrænan stórfund sem haldinn var í Osló í ágústlok 2017. Dagskrá fundarins var með hefbundnu sniði og rætt var um þróun undanþága í höfundarétti í Evrópu, um milliríkjasaminga á sviði höfundaréttar og heildarleyfissaminga auk Evróputilskipunar sem nú er unnið að því að taka upp á Norðurlöndunum.

Framkvæmdastjóri hefur jafnframt verið í góðu sambandi við norræn systursamtök og lfrro vegna breytinga á löggjöf sem varða annars vegar auknar kröfur til höfundaréttarsamtaka sem fara með umboð höfunda og útgefenda til samningsgerðar og hins vegar breytingar á grunnhöfundarétti þar sem meginhugmyndin er að bæta við undanþágum til notkunar á höfundaréttarvörðu efnis.



## 5.2 AÐRIR ALÞJÓLEGIR FUNDIR

Formaður og framkvæmdastjóri sátu ráðstefnu á vegum ALAI (Association Littéraire et Artistique Internationale) í Kaupmannahöfn í maí þar sem rætt var um framtíð höfundaréttar og aðalfund IFRRO í Amsterdam í nóvember.

## VERKEFNI FRAMUNDAN

Norrænn stórfundur verður haldinn í ágúst 2018 sem framkvæmdastjóri og stjórnarformaður hyggjast sækja og ársfundur Ifro verður haldinn í Apenu í október en óljóst er um þátttöku á honum.

Nú þegar rekstri samtakanna hefur verið komið í það horf að búið er að endurnýja alla samninga nema að endanlega ganga frá samningi við Landssambönd blandaðra kóra og Gígjuna og semja við karlakóra upp á nýtt er ljóst að ekki er þörf á starfsmanni í fullt starf við rekstur félagsins. Verkefnið sem blasir við er auk ofangreindrar samningagerðar, útgáfa reikninga og innheimta vegna gildandi samninga og svör við innlendum og erlendum fyrirspurnum auk þjónustu við aðildarfélögin v. upplýsingagjöf og annað tilfallandi. Þá þarf Fjölís að uppfylla viðtækar skyldur skv. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/26/ESB um sameiginlega umsýslu höfundaréttar og skyldra réttinda o.fl. og fylgjast þarf náið með tilskipun Evrópusambandsins um "Digital Single Market" þar sem unnið er að breytingum á gildandi löggjöf. Einnig er unnið að mati á upplýsingakerfum félagsins vegna innleiðingar nýrrar persónuverndarlöggjafar Evrópusambandsins.

Stjórn Fjölís hefur í ljósi stöðunnar tekið ákvörðun um að lækka starfshlutfall framkvæmdastjóra í 30% og mun núverandi framkvæmdastjóri, skv. samningi, sinna rekstri félagsins í núverandi mynd meðfram öðrum störfum. Framkvæmdastjóra og stjórnarformanni var falið að finna félaginu nýja starfsaðstöðu og hefur verið samið við Félag íslenskra bókaútgefenda um að leigja félaginu aðstöðu í sínum húsakynnum við Barónsstíg fyrir sanngjarna leigu. Húsgögn, gögn og skrifstofubúnaður félagsins verður því færður þangað í málok og það sem unnt er að selja, verður selt.

Það er fagnaðarefni hve góður árangur hefur náðst við rekstur Fjölís og samningagerð þar sem innheimtar tekjur hafa aukist um 24,5% frá árinu 2015 og að á sama tíma hefur verið unnt að draga saman kostnað við rekstur félagsins um 35%.

25. maí 2018



Halldór P. Birgisson  
formaður